

## DAGSKRÁ

Laugardaginn 22.júlí

11:00-16:00	<b>Kjósarveitur</b> <i>Opið hús á Möðruvöllum - stöðvarhús</i>
11:00-22:00	<b>Kaffi Kjós</b> <i>Hoppukastali og fleira skemmtilegt</i>
12:00-17:00	<b>Kiðafell 3</b> <i>Trjásala</i>
12:00-18:00	<b>Sogn</b> <i>Sala á ungnautakjöti</i>
12:00-17:00	<b>Glerlist – vinnustofan ÍSAFELL</b> <i>Meðalfellsvegi 29</i>
14:00-16:00	<b>Möðruvallarétt</b> <i>Dýr og fleira</i>
12:00-17:00	<b>Hurðarbak</b> <i>Dýragrafreitur</i>
12:00-17:00	<b>SG textíl</b> <i>Vinnustofa við Flekkudalsveg 19a</i>
12:00-17:00	<b>Gallerí NaNa</b> <i>Flekkudalsvegi 18</i>
12:00-14:00	<b>Rúlluskreytingakeppni</b> <i>Við bæinn Hjalla</i>
12:00-17:00	<b>Keramik – vinnustofa Sjafnar</b> <i>Eyrum 9, Eilífsdal</i>
12:00-17:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Markaður</i>
12:00-17:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Hoppukastali</i>
14:00-17:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Kaffihlaðborð kvenfélagsins</i>
12:00-17:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Tuddinn</i>
12:00-17:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Loxone</i>
13:00-15:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Blaðarinn frá Sirkus Íslands</i>
13:00-17:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Trjásala frá Kiðafelli 3</i>
14:00-15:00	<b>Hvítanes</b> <i>Leiðsögn um hernámsminjar með Magnúsi Hafsteinssyni.</i>
19:00-	<b>Flekkudalur</b> <i>Áfangafagnaður</i>

## VELKOMIN Í KJÓSINA



### Best prýddi póstkassinn

setjum póstkassana í sparigallann fyrir Kátt í Kjós!



Íbúar Kjósarinnar eru hvattir til að skreyta póstkassa sína í tilefni dagsins. Markaðs-, atvinnu- og menningarmálanefnd mun svo keyra um Kjósina á sunnudeginum og velja best prýdda póstkassa Kjósarinnar!

# Kátt í Kjós

Laugardaginn 22.júlí 2017

Laugardaginn 22.júlí verður Kjósinn opnuð fyrir gestum og gangandi undir kjörorðinu „Kátt í Kjós“ og er þetta í ellefta sinn sem efnt er til opins dags í sveitarfélaginu. Fjöldmargir áhugaverðir staðir verða með opið og bjóða gesti þar velkomna.

Láttu sjá þig!



Nánari upplýsingar:

[www.kjos.is](http://www.kjos.is)

 “Kátt í Kjós”


**Kjósarveitur**  
Möðruvellir - stöðvarhús  
Ópið 11 - 16



Komdu og sjáðu hið glænýja stöðvarhús hitaveitunnar að Möðruvöllum. Um leið er hægt að fræðast um framkvæmdina í heild og kynna sér heitasta mál sveitarinnar. Heitt vatn í boði og líka kaffisopi. Hlökkum til að sjá þig. [kjosarveitur@kjos.is](mailto:kjosarveitur@kjos.is)

**Kaffi Kjós**  
Við Meðalfellsvatn  
Ópið 11 - 22



Þjónustumiðstöð í suðurhlíð Meðalfells þar sem lögð er áhersla á að fólk geti notið veitinga í heimilislegu andrúmslofti. Hoppukastali og fleira skemmtilegt á Kátt í Kjós. Ópið frá kl 11-22. [www.kaffikjos.is](http://www.kaffikjos.is)  Kaffi Kjós

**Gældýragrafreitur**  
Hurðarbak  
Ópið 12 - 17



Vorið 2002 vígði séra Pétur Þorsteinsson sérstakan grafreit fyrir húsdýr í landi Hurðabaks í Kjós. Dýragrafreiturinn er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi.

**SG textíl**  
Flekkudalsvegi 19a  
Ópið 12 - 17



Sigga á Bakka opnar vinnustofuna sína í tilefni dagsins að Flekkudalsvegi 19a. Til sölu eru handunnar vörur úr meðal annars ull og silki. Einnig framleiðir Sigga slár og fleira úr forsoðinni ull. [www.sgtextil.is](http://www.sgtextil.is)

**Gallerí NaNa**  
Flekkudalsvegi 18  
Ópið 12 - 17



Í Gallerí NaNa eru glæsilegar handgerðar leðurtöskur skreyttar með fiskiroði og skinni ásamt fylgihlutum til sýnis og sölu. [www.nana.is](http://www.nana.is)

**Kiðafell 3**  
Trjásala  
Ópið 12 - 17



Kiðafell 3 býður gestum hátíðarinnar heim til að líta á úrval garðplantna. Til sölu hinar ýmsu trjáplöntur, tré, runnar og fjölæringar. Einnig verður trjásala við Félagsgarð milli kl. 13-17.

**Keramík**  
Eyrum 9, Eilífsdal  
Ópið 12 - 17



Sjöfn Ólafsdóttir hefur hannað ævintýraheim úr keramíki. Hún er með vinnustofu sína í sumarbústaðahverfinu við Eilífsdal, Eyrum 9.

**Félagsgarður**  
Sveitamarkaður  
Ópið 12 - 17



Í Félagsgarði, félagsheimili Ungmennafélagsins Drengs, er sveitamarkaður og kynning á ýmsum framleiðsluvörum. Meðal þess sem er í boði er þrjónavara, handverk, listmunir, sultur og margt fleira.

**Félagsgarður**  
Kaffi kvenfélagsins  
Ópið 14 - 17



Kvenfélagskonur munu selja bakkelsi á sviðinu í Félagsgarði. Til sölu verður meðal annars kaffi, djús, hjónabandssæla, tebollur og skinkuhorn.

**Félagsgarður**  
Tuddinn  
Ópið 12 - 17



Tuddinn er fyrsta flokks grillbíll frá Hálsi í Kjós sem selur alvöru hamburgara. Hamburgara úr hreinu kjöti af holdagripum. Gripirnir eru eingöngu fóðraðir á grasi sem gerir kjötið af þeim að nánast hreinni náttúruafurð.

**Félagsgarður**  
Loxone  
Ópið 12 - 17



BMS ehf í samvinnu við KNXpro kynna lausnir til að stjórna hinni ýmsu tækni á heimilunum með einu Appi. Tónlist, skygging, lýsing, öryggi, upphitun og kæling. Draumurinn um 360° Smart Home sem samþættir öll svæði hefur orðið að veruleika. Allar vörur Loxone eru hannaðar að tryggja að þær virka fullkomlega á heimilinu. [www.loxone.com](http://www.loxone.com)

**Sogn**  
Sala á ungnautakjöti  
Ópið 12 - 18



Sogn selur og framleiðir ungnautakjöt milliliðalaust beint frá bónda. **Glóðheittir hamburgarar beint af grillinu.**

**Möðruvallarétt**  
Dýr og fleira  
Ópið 14 - 16



Ungmennafélagið Drengur mun taka þátt í Kátt í Kjós í ár. Í Möðruvallarétt verða til dæmis hin ýmsu dýr sem hægt verður að heilsa upp á.

**Félagsgarður**  
Hoppukastali  
Ópið 12 - 17



Hoppukastali verður í félagsgarði. Allir krakkar velkomnir, hlökkum til að sjá ykkur.


**Félagsgarður**  
Blaðrarinn  
Ópið 13 - 15



„Blaðrarinn“ frá Sirkus Íslands verður við félagsgarð að búa til blöðrufígúrar fyrir börnin.

**Rúlluskreytingakeppni**  
Hjalli Kjós  
Ópið 12 - 14



Á túninu á Hjalla gefst áhugasömum kostur á að taka þátt í keppni um að skreyta plastaðar heyrúllur. Verslunin Poulsen styrkir keppnina. Hver þátttakandi/hópur fær eina rúllu til að skreyta að eigin vilja. Þátttakendur fá málningarsprey en geta líka komið með sína eigin liti eða annað efni til skreytingar. Skráning fer fram á staðnum en þátttakendur skrá nöfn sín á þáttökublað og fá úthlutað númeri sem þarf að auðkenna viðkomandi heyrúllu. Óháð dómnefnd mun svo velja vinningsrúllu. Takmarkaður fjöldi rúlla er í boði og því borgar sig að mæta tímanlega og tryggja sér rúllu. Hvetjum fólk til að vinna saman í hópum. Tilkynnt verður um úrslit inn á facebook síðunni  Kátt í kjós

**Hvítanes**  
Leiðsögn um hernámsminjar  
Hefst kl. 14



Í Hvítanesi eru áhugaverðar herminjar og þar má enn sjá mannvirki breska hersins frá umsvifum hans í Hvalfirðinum. Magnús Þór Hafsteinsson verður með leiðsögn í Hvítanesi þar sem hann segir frá hlutverki Hvalfjarðar í styrjöldinni og minjum þar. Mæting kl. 14 í Hvítanes

**Glerlist**  
Vinnustofan Ísafell  
Ópið 12-17



Vinnustofan Ísafell er að Meðalfellsvegi 29. Pia Raket Sværissdóttir er með til sýnis og sölu glerlist, ljósmyndagrafík og handverk. Sími: 8970512 – [www.articglass.dk](http://www.articglass.dk)

**Flekkudalur**  
Áfangafagnaður  
Frá 19 og eitthvað framtíðir



Sambýlisfólkið í Flekkudal býður fjölskyldu, vinum og sveitungum sínum í heimsókn í Flekkudal laugardagskvöldið 22. júlí kl 19:00 til að fagna því að lifað hefur verið lengur en 60 ár. Hestamenn eru boðnir velkomnir með farskjóta sína en stefnan er að halda tölmót að sveitasið í upphafi fagnaðar og ef næg þátttaka fæst. Gestir eru varaðir við að koma þrúðbúnir eða á háum hælum en skálað verður í fjárhúsum og öðrum útihúsum.